
FUNDARGERÐ

Fundur: Eldsneytishópur 2012-01
Fundartími: Þriðjudagur 31. janúar 2012 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) **Drög 1 að endurskoðaðri eldsneytisspá.**
- 2) **Breytingar á starfinu vegna tilskipunar um endurnýjanlega orku.**
- 3) **Önnur mál.**

Fundinn sátu:

Eldsneytishópur: Ágústa S. Loftsdóttir, Orkustofnun
Birna Hallsdóttir, Umhverfisstofnun

Efla: Jón Vilhjálmsson

1) Farið var yfir drög 1 að skýrslu um eldsneytisspá með athugasemdum frá ÁSL og svörum frá JV. Ákveðið var að koma með frekari skýringar varðandi þróun eldsneytisnotkunar í kafla 1 (Ágrip og helstu niðurstöður). ÁSL ætlar að athuga hvort fulltrúar frá Skeljungi og Atlantsólú vilja vera nefndir í skýrslunni sem fulltrúar í hópnum en þeir hafa ekki mætt á fundi lengi og hafa því ekki komið ennþá að gerð þessarar skýrslu.

Í kafla 2 (Forsendur) var ákveðið að bæta inn frekari umræðu um það hvaða stóriðjuframkvæmdir væru teknar með í áætlunina. BH benti á að áhugavert væri að sjá fleiri spár um olíuverð þar sem einstaka spár geta verið litaðar af hagsmunum þess aðila sem gerir spána. JV ætlar að athuga með fleiri spár um olíuverð svo sem frá IEA. Ákveðið var að auka umræðu um atvinnustarfsemi og fiskafla. Samþykkt var að kalla eftir bifreiðatölum fyrir árið 2011 og setja inn frekari umræðu um þróun bifreiða. Ákveðið var að sýna bara rauntölur í mynd 2.3. BH benti á kynjamun í spá um bifreiðaeign og hvort hann ætti ekki að jafnast til lengri tíma litið.

Í kafla 3 nefni ÁSL hvort ekki ætti að sýna frekar verðþróun á Brent fremur en Arabian Light. Ókostur við það er að tölur ná ekki eins langt aftur fyrir Brent en JV ætlar að athuga það.

Í kafla 4 nefndi BH hvort flugið ætti að endaða í sömu tölu og í spánni frá 2008 og breytingin nú því einungis skammtímabreyting. Nokkur umræða varð um þetta og var

niðurstaðan að auka vöxt notkunar á allra næstu árum þar sem horfur eru á mikilli aukningu ferðamanna. BH benti á meðhöndlun úrgagnsolíu og hvort ekki þyrfti að fjalla nánar um hana. ÁSL benti á að áhugavert væri að tækniframfarir, orkusparnaður og nýir orkugjafar haldi í við aukna orkuþörf innanlands en millilandanotkunin vex. JV ætlar að setja umræðu um þetta í textann. BH sagði að koma þyrfti fram í heiti töflu 4.4 að um væri einnig að ræða notkun á koxi. Rætt var um gasnotkun og JV benti á að breytingar það á síðustu árum væru vegna kalkþörungaverksmiðjunnar og stóriðju.

Í kafla 5 nefndi ÁSL að þar ætti að fjalla um spána en ekki rauntölur. JV ætlar að lagfæra textann.

Í viðauka 1 ætlar BH að senda JV gögn sem vantar varðandi kol og koks.

Í viðauka 2 ætlar BH að fara yfir CO₂ stuðla í töflu V2.4 og koma með tillögur um hvað á að vera í töflunni.

Í viðauka 3 lagði ÁSL til að Steinolía væri flokkuð með þotueldsneyti og var það samþykkt.

- 2) JV sagðist hafa farið á fund í iðnaðarráðuneytinu þar sem rætt var um mögulegt skipulag við vinnu hvað varðar tilskipun Evrópusambandsins um endurnýjanlega orkugjafa sem samþykkt hefur verið hér á landi. Vinna við að taka saman gögn fyrir áætlun Íslands er nátengd starfi orkuspárnefndar og því er eðlilegt að nefndin komi að því máli en allir hópar nefndarinnar þurfa þá að koma að því. JV sýndi tillögu sem hann hafði tekið saman um hvaða þætti orkuspárnefnd gæti komið að og hvað ráðuneytið þyrfti að sinna. ÁSL sagði að bréf væri komið frá ráðuneytinu til orkumálastjóra um þetta mál. JV sagði að fundur yrði í raforkuhópi seinna í vikunni og yrði þetta mál þá einnig rætt þar. JV sagði að veruleg aukin vinna væri við að taka þetta saman og þyrfti að vera góð samvinna við stjórnvöld þar sem þau þurfa að útbúa aðgerðaáætlun. JV var falið að útbúa áætlun um aukna vinnu vegna þessa máls.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður seint í febrúar þegar gögn eiga að liggja fyrir um eldsneytisnotkun ársins 2011. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Dreift var fyrir fundinn:

- Eldsneytisspá 2011-2050. Drög 1

Sýnt var en ekki dreift:

- Directive 2009/28/EC of the European Parliament and of the Council.
- Commission decision of 30 June 2009 establishing a template for National Renewable Energy Action Plan under Directive 2009/28/EC of the European Parliament and of the Council.
- National Renewable Energy Action Plan, Ireland.
- Energy Forecast for Ireland to 2020. 2011 Report.
- Vinna sem tilskipun evrópusambandsins 2009/28/EC mun leiða af sér (JV).

Verkefni frá þessum fundi:

Umsjón	Verkefni
Ágústa	Athuga hvort fulltrúar Skeljungs og Atlantsolíu vilji að nafn þeirra komi fram.
Jón	Fá bifreiðatölur fyrir 2011.
BH	Gögn i töflu V1.2 um kol og koks
BH	CO2 stuðlar í töflu V2.4
JV	Laga skýrslu um endurreikning í samræmi við athugasemdir